Þrenna

10.09.2026

Þrenna er fyrirframgreidd farsímaáskrift sem býður upp á endalaus símtöl og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi, ásamt 10 eða 25 GB af gagnamagni. Allt ónotað gagnamagn safnast upp á milli mánaða, allt að 250 GB.

Hvernig skrái ég mig í Þrennu?

Ef þú ert nú þegar með fyrirframgreidda áskrift hjá Símanum getur þú breytt henni í Þrennu áþjónustuvefnum okkar eða í appinu.

Ef þú vilt stofna nýtt símanúmer, færa símanúmer frá öðru fyrirtæki eða breyta úreftirágreiddri áskrift í Þrennu skaltu hafa samband við þjónustuverið okkar.

Hvað er innifalið?

Með Þrennu færðu endalaus símtöl og SMS í alla farsíma og heimasíma á Íslandi. Til að hringja eða senda SMS í erlend símanúmer eða gjaldskyld númer, eins og upplýsingaveitur og símakosningar, þarftu að kaupa inneign. Notkunin er gjaldfærð samkvæmt verðskrá Frelsis.

Þegar þú kaupir Þrennu getur þú valið um 10 GB eða 25 GB af gagnamagni á mánuði. Allt gagnamagnið í Þrennu er safnamagn, sem þýðir að ónotað gagnamagn safnast upp á milli mánaða.

> **Hvað get ég átt mikið safnamagn?**
> Hámark safnamagns samsvarar tíföldu mánaðarlega gagnamagninu þínu. Með 10 GB áskrift getur þú safnað allt að 100 GB og með 25 GB áskrift allt að 250 GB. Safnamagn er ekki hægt að nýta innan EES.

Hvað ef ég klára gagnamagnið?


Ef þú klárar gagnamagnið þitt getur þú keypt meira gagnamagn áþjónustuvefnum eða í appinu okkar.

Greiðslur og kortaupplýsingar


Þrenna er gjaldfærð 5. hvers mánaðar.

Hvernig skipti ég um kortaupplýsingar?


Þú getur skipt um kortaupplýsingar fyrir Þrennu-með því að skrá þig inn áþjónustuvefinn eða í appið og fara í**Greiðslukort**.



Veldu blýantstáknið.



Þá opnast gluggi þar sem þú getur breytt kortaupplýsingum og skráð eða breytt netfangi.



Get ég notað Þrennu í útlöndum?

Þegar þú ferðast til landa innan EES getur þú notað Þrennu eins og þú værir á Íslandi. Öll símtöl í íslenska farsíma og heimasíma eru innifalin og þú getur notað allt mánaðarlega gagnamagnið þitt þó þú sért erlendis.

> **Safnamagn á reiki**
> Athugaðu að þú getur ekki notað uppsafnað safnamagn í útlöndum.

Ferðalög til landa utan EES

Til að nota Þrennu í löndum utan EES þarf þjónustan **Frelsi í útlöndum** að vera virk á símanúmerinu og notkunin verður gjaldfærð á reikningi í byrjun næsta mánaðar.

Ef þú ert 18 ára eða eldri er þjónustan sjálfkrafa virk. Ef þú ert undir 18 ára aldri getur þú virkjað **Frelsi í útlöndum** á þjónustuvefnum eða í appinu, en þá þarf fullorðinn einstaklingur að gerast ábyrgðaraðili fyrir kostnaði vegna notkunar erlendis.

Það getur verið dýrt að nota símann á ferðalagi utan EES-landa. Við hvetjum þig til að kynna þér verðskrá fyrir notkun í útlöndum. Til að hjálpa þér að hafa hemil á kostnaði setjum við þak á notkun erlendis og sendum þér reglulega SMS-skilaboð um notkun og kostnað.

> **Hefur þú kynnt þér Ferðapakkann?**
> Ferðapakkinn er leið til að lágmarka kostnað á ferðalögum utan EES. Þú getur kynnt þér Ferðapakkann á vefnum okkar.